

*** Úrvinnslugjald**

Úrskurður nr. 5/2004.

Kærður er úrskurður tollstjóra þar sem hann endurákvæðar kæranda BF gjald (úrvinnslugjald 3 kr/kg) vegna innflutnings á white spirit farmi. Gjaldið var ranglega fellt niður við tollafgreiðslu af starfsmanni tollstjóra. Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi þar sem mistökin voru hjá starfsmanni tollstjóra. Ríkistollanefnd staðfesti endurákvörðun tollstjóra.

Tollalög nr. 55/987: 99. gr., 101. gr. og 108 gr. Lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald 8. gr. Reglugerð nr. 61/1989 um greiðslustað og fullnustu aðflutningsgjalda 7. gr., 10. gr.

Með bréfi, dags. 13. maí 2004, sem barst nefndinni þann 14. s.m., kærir O úrskurð tollstjóra frá 17. mars 2004. Í hinum kærða úrskurði endurákvæðar tollstjóri BF gjald (úrvinnslugjald 3 kr/kg) vegna innflutnings á white spirit farmi sem félagið flutti inn í sendingarnúmeri "L SIK 18 09 3 NO MON R006 sem ranglega hafði verið fellt niður af starfsmanni tollstjóra. Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi þar sem upphaflegu mistökin áttu sér stað hjá tollstjóra.

Í kærinni segir m.a. að fyrirtækið hafi flutt inn síðastliðið haust farm af white spirit í sendingarnúmeri "L SIK 18 09. 3 NO MON R006". Tollskýrsla vegna innflutningsins hafi verið gerð og verið rétt útfyllt af starfsmönnum félagsins. Fyrir mistök hafi starfsmenn tollstjóra fellt niður BF gjald sem er 3 kr/kg. Þá segir að um sé að ræða vöru sem sé að jafnaði flutt inn 1-2 sinnum á ári. Starfsmenn félagsins hafi treyst því að starfsmenn tollstjóra væru sérfræðingar á sínu sviði og því hafi varan verið verðlögð og seld miðað við kostnaðarverð eins og það hafi komið frá tollinum.

Þá segir að þann 17. febrúar síðastliðinn hafi tollstjóri sent félaginu bréf um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda en fyrir mistök hafi bréfið ekki fengið eðlilega umfjöllun innan félagsins, þannig að það féll niður að senda inn athugasemdir félagsins. Tollstjóri hafi úrskurðað að félaginu beri að greiða kr. 2.512.194 samkvæmt eftirfarandi sundurliðun, án þess að félagið hafi sent inn sínar athugasemdir:

| | |
|----------------|-----------|
| BF Gjald. | 1.797.108 |
| VSK. | 485.985 |
| Dráttarvextir. | 229.101 |

Umrædd fjárhæð var greidd með fyrirvara þar sem kærandi telur álagninguna ósanngjarna. Kærandi krefst þess að ofangreind álagning verði felld niður þar sem upphaflegu mistökin áttu sér stað hjá tollstjóra, en ekki hjá starfsmönnum félagsins. Varan hafi verið verðlögð með hliðsjón af breytingum tollstjóra við tollafgreiðslu og varan sé þegar seld að fullu og ekki hægt bæta gjaldinu við verð vörunnar.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að eins og fram komi í bréfi embættisins til kæranda dags.17. febrúar s.l. sé ástæða endurákvörðunar sú að ranglega hafi verið fellt niður BF gjald (úrvinnslugjald 3 kr/kg) með undanþágutilvísun L1034 af sendingu L SIK 18 09 3 NO MON R006 sem innihélt white spirit. Undanþágutilvísun gildir aðeins þegar J1, J2, J3, og J5 flutningsjöfnunargjöld eru á viðkomandi tollskrárnúmeri. Í nefndu bréfi sé einnig bent á að í reit nr. 14 í aðflutningsskýrslu hafi ekki verið skráð nein beiðni frá innflytjanda um niðurfellingu aðflutningsgjalda.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að endurákvörðunin sé byggð á 1. mgr. og 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna komi fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 2. tl. 5. mgr. 99. gr. er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi þegar innflytjandi vissi eða mátti vita um rétta tollmeðferð vöru. Það geti m.a. átt við hafi innflytjandi

áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra, sbr. 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga. Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum fari eftir ákvæðum laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga. Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda vegna sendingar nr. L SIK 18 09 3 NO MON R006 er sem hér segir:

| | |
|-----------------------------------|----------------|
| Almennur tollur | 0 |
| Úrvinnslugjald | 1.797.108 |
| Virðisaukaskattur | 485.985 |
| <u>Dráttarvextir til 17. mars</u> | <u>182.154</u> |
| Samtals | 2.465.247 |

Samkvæmt 2. mgr. 108. gr. tollalaga og 7. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum með síðari breytingum er eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið vegna tollmeðferðar á vöru og tollstjóri leyft afhendingu á, tollafgreiðsludagur varanna. Um dráttarvexti fer eftir 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, eins og áður hefur komið fram og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 14. maí 2004. Í svari sem barst þann 4. júní s.á. er málið reifað og aðdragandi endurákvörðunarinnar rakinn. Þá segir m.a. að embættið telji ljóst að fyrir mistök hjá starfsmanni tollstjóra hafi umrætt úrvinnslugjald 3,00 kr/kg (BF gjald) verið fellt niður með undanþágutilvísun L 1034, án þess að innflytjandi færi fram á niðurfellingu með áritun í reit nr. 14 á aðflutningsskýrslu. Það breyti því ekki að skýrt sé kveðið á um það í 2. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, með síðari breytingum, að úrvinnslugjald skuli leggja á olíuvörur, sbr. IV. viðauka við löggin. Í IV. viðauka segir síðan að á lífræn leysiefni sem flokkast í tilgreind tollskrárnúmer skuli leggja á úrvinnslugjald sem þar segir. Tollskrárnúmer 2710.1141 Lakkbensín (white spirit), sé tilgreint í viðauka IV. og úrvinnslugjald tilgreint 3,00 kr/kg. Skýrt lagaákvæði mælir því fyrir um að greiða beri úrvinnslugjald af framangreindu tollskrárnúmeri og telur tollstjóri að sú greiðsluskylda sé til staðar þrátt fyrir að starfsmaður embættisins hafi gert mistök og fellt niður umrætt úrvinnslugjald. Tollstjórar fara með innheimtu úrvinnslugjalds sbr. 10. gr. laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald, með síðari breytingum.

Þá segir að tollstjóri byggi endurákvörðun sína á aðflutningsgjöldum á 1. mgr. og 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna komi fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós komi að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 2. tl. 5. mgr. 99. gr. sé tollstjóra heimilt að endurávarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi þegar innflytjandi vissi eða mátti vita um rétta tollmeðferð vöru. Það geti m.a. átt við hafi innflytjandi áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokkun vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra, sbr. 2. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga.

Tollstjórinn í Reykjavík telur að innflytjandi hafi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð umræddrar vöru þar sem hann flutti inn sams konar vörur til landsins árið 2002 í sendingu L WSA 03 08 2 BE ANR R001. Við tollafgreiðslu þeirrar sendingar greiddi innflytjandi umrætt úrvinnslugjald 3 kr/kg (BF gjald) ásamt 24,5% virðisaukaskatti. Innflytjanda mátti því vera ljós rétt tollmeðferð vöru og að umrædd vara væri rangt tollafgreidd hjá embættinu. Einnig telur tollstjóri að innflytjanda hefði mátt vera ljóst, við verðlagningu vörunnar í sendingu L SIK 18 09 3 NO MON R006, að tollafgreiðsla hennar væri röng, þar sem aðflutningsgjöld sendingar L SIK 18 09 3 NO MON R006 væru mun lægri en aðflutningsgjöld sendingar L WSA 03 08 2 BE ANR R001 sem flutt var til landsins árið 2002, miðað við þyngd sendinganna.

Með hliðsjón af öllu framansögðu krefst tollstjórinn í Reykjavík þess að úrskurður tollstjórans um endurákvörðun aðflutningsgjalda, dags. 17. mars 2004, verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 7. júní s.l. Í svari sem barst nefndinni þann 11. s.m. eru fyrri kröfur ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram og haldið fundi um málið. Deilt er um þá ákvörðun tollstjóra að endurávarða aðflutningsgjöld af sendingu L SIK 18 09 3 NO MON R006, sem kom til landsins þann 18. september 2003, innflytjandi O. Sending þessi innihélt white spirit sem flokkað var í tollskrárnúmer 2710.1141. Starfsmaður tollstjóra felldi ranglega niður úrvinnslugjald 3,00 kr/kg (BF gjald) af vörunni. Kærandi heldur því fram að tollskýrsla vegna innflutningsins hafi verið rétt útfyllt af sinni hálfu. Um sé að ræða vöru sem sé að jafnaði flutt inn 1-2 sinnum á ári og því hafi starfsmenn félagsins treyst því að starfsmenn tollstjóra væru að gera rétt með niðurfellingunni. Varan hafi því verið verðlögð og seld miðað við forsendur sem fram komu á tollskýrslu eftir breytingar tollstjóra og því sé ekki kostur á að bæta gjaldinu við verð vörunnar sem þegar sé seld.

Í 99. gr tollalaga segir m.a. að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði þessarar greinar endurávarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Meginreglan er sú að hafi innflytjandi látið tollstjóra í té við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og, eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, talið frá því að hann heimilaði afhendingu vöru. Frá þessari meginreglu eru undanþágur og eru helstu undanþágur sem hér segir. Framlögðum gögnum eða þær upplýsingar, sem látnar voru í té við tollafgreiðslu hafi verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Innflytjandi hafi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Þetta getur m.a. átt við hafi innflytjandi áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokkan vöru í tiltekið tollskrárnúmer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra.

Ljóst er að kærandi hefur áratuga reynslu í innflutningi og tollmeðferð á sams konar vöru og þeirri sem BF gjald var ranglega felld niður af. Fram hefur komið að fluttar eru inn sams konar vörusendingar 1-2 sinnum á ári af hálfu kæranda. Því verður að ætla að starfsmenn O. hefðu átt að leita skýringa hjá tollstjóra um hvers vegna BF gjald hafi verið felld niður af þessari tilteknu sendingu. Nefndarmenn telja það ekki traust rök hjá kæranda að halda því fram að þar sem starfsmenn tollstjóra séu sérfræðingar á sínu sviði þá hafi starfsmenn hans ekki talið þörf á því að leita upplýsinga um hina breyttu innheimtu. Samkvæmt 16. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum er það fyrst og síðast á ábyrgð kæranda sem innflytjanda vörunnar að tollskýrsla sé rétt útfyllt og tollmeðferð sé rétt. Þá má benda á að starfsmenn kæranda vinna í miklu samkeppnisumhverfi og hafa því væntanlega séð það fljótt að þeir gátu boðið vöru þessa á hagstæðara verði en keppinautarnir.

Með vísan til 101. gr. tollalaga með síðari breytingum er úrskurður tollstjóra frá 17. mars 2004 staðfestur.